



Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Hr. Birgir Gunnarsson

Kópavogur 12.9.2020

Efni: Sóltún, Hlíðarvegi 3 Ísafirði – hús Ísfirðingafélagsins

Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða kom að máli við mig undirritaðan formann Ísfirðingafélagsins í ágúst mánuði og spurðist fyrir um Sóltún, hús Ísfirðingafélagsins. Forsaga málsins er að undirritaður sendi bréf til Jónu Símóníu, þáverandi forstöðumanns Safnahússins Ísafirði, Jóns Sigurpálssonar, þáverandi forstöðumanns Byggðasafns Vestfjarða og Þórdísar Sifjar, þáverandi bæjarritari dags. 3. apríl 2019 þess efnis hvort Byggðasafn Vestfjarða og Ísafjarðarbær hefðu áhuga á að koma að Skíðasafni í Sóltúni. Tilurð bréfsins var að Jón Páll Halldórsson kom að máli við undirritaðan með hugmynd um hvort hugsanlegt væri að koma af stað skíðasafni í Sóltúni. Erindið fékk ekki hljómgrunn innan stofnunarinnar og/eða bæjarstjórnar á þeim tíma. Jóna Símónía tjáði mér nú í ágúst að hún hafi eftir að hún varð forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða gert sér grein fyrir hversu margt muna er til sem tengjast glæstri og gamalli skíðasögu Ísfirðinga og hversu stóran þátt Sóltún á í skíðasögunni, þá gæti það verið áhugavert að skoða þann möguleika hvort Sóltún væri tilhlýðilegt hús fyrir skíðasafn á Ísafirði, m.a. vegna sögu hússins.

Undirritaður hefur verið undir töluverðum þrýstingi frá stjórn Ísfirðingafélagsins að endurskoða tilgang með eigu félagsins á orlofshúsi á Ísafirði og þá hvort huga eigi jafnvel að kaupum á nýju og hentugra húsnæði. Í framhaldi af þeim hugleiðingum fékk stjórn Ísfirðingafélagsins umboð aðalfundar félagsins að hefja söluferli á húsinu.

Í lögum Ísfirðingafélagsins 2. gr. d-lið segir um tilgang félagsins: Rekstur orlofshússins „Sóltúna“ á Ísafirði.

Þar sem aðstæður á leigumarkaði orlofshúsa m.a. með tilkomu Airbnb hafa gjörbreyst á síðustu árum er rekstrargrundvöllur orlofsleigu gjörbreyttur auk þeirrar spurningar hvort tilgangurinn eigi enn við. Nú er komið að viðhaldi á húsinu og spurning hvort það sé réttlætanlegt að félagið ráðist í þær, hugi að nýju húsnæði eða hver framtíð Sóltúna verður?

Það er góður vilji innan stjórnar Ísfirðingafélagsins að sjá Sóltún í nýju hlutverki og því vill stjórnin kanna hug Byggðasafns Vestfjarða og Ísafjarðarbæjar fyrir að eignast húsið og skapa því nýtt og verðugt hlutverk.

Félagið hugleiðir nú hvort auglýsa skuli húsið til sölu.

Virðingarfyllt
f.h. Ísfirðingafélagsins
Guðmundur Friðrik Jóhannsson
formaður
gsm: 844-2794